

134 tókudegi að telja af tekjum prestakallsins að því leyti sem tekjur kirkjunnar 6. oktbr. eigi hrökkva til greiðslu afborgana og venjulegra vaxta, og 400 kr. lán handa Rafnseyrarkirkju alveg með sömu kjörum, en 400 kr. lánið, sem tekið var f. á. samkvæmt áðurnefndu brjefi minu, afborgist á 10 árinu, eins og áskilið var.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

135 *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um lán handa Stykkishólmskirkju.* 11. oktbr. Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 3. þ. m., vil jeg hjermeð veita sóknarnefndinni í Stykkishólmssókn 1500 króna lán úr landssjóði handa Stykkishólmskirkju gegn vði í tekjum kirkjunnar, og með þeim skilyrðum, að lán þetta ávaxtist og endurborgist á 28 árum samfleytt frá lántókudegi að telja með 6% árlega af hinni upphaflegu upphæð og að af láni þessu greiðist fyrst að fullu eptirstöðvar af tveimur landssjóðslánum handa kirkjunni frá 1878 og 1879.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

136 *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu, um skilning 3. gr. laga nr. 9 frá 6. apríl 1898.* 11. oktbr. Hreppstjórinn í Kjósarhreppi hefir í brjefi, dagsettu 13. f. m., sem bingað hefir borizt beina leið, beiðzt skýringar á 3. gr. laga nr. 9 frá 6. apríl þ. á., um breyting á lögum um lausafjárfund. 12. júlí 1878: »Við tíundarflagnig skal lausafjárupphæð hvers framteljanda standa á heilu eða hálfu hundraði; 60 áln. og þar yfir allt að 119 áln., sje gert $\frac{1}{2}$ hundrad, en færri álnum sje sleppt«. Hefir nefndur hreppstjóri í þessu efni spurzt fyrir um það, hvort sleppa skuli því, sem fram yfir heilt eða hálf hundrad er, þá er fjenaður er lagður í tíund, *áður en* eða *eptir* að $\frac{1}{4}$ hluti fjenaðarins er dreginn frá.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir spyrjandanum, að draga ber að sjálfsögðu frá $\frac{1}{4}$ hluta fjenaðarins *áður en* lagt er í tíund og þá *áður en* sleppt er því, er framyfir er hálf hundrad eða heilt.

137 *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu, um hlunnindi handa sparissjóði Vestmannaeyja.* 21. oktbr. Útaf beiðni, sem hingað hefir borizt beina leið frá forstöðunefnd sparissjóðs Vestmannaeyja, vil jeg hjer með endurveita nefndum sjóði um 5 ára tímabil frá 1. þ. m. að telja hlunnindi þau, er ræðir um í tilsk. 5. janúar 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparissjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að trygging sú, sem sparissjóðurinn nú veitir, eigi rýrni, að